

Alþingi  
Erindi nr. P 136/277  
komudagur 1.12.2008

1.12.2008

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Allsherjarnefnd Alþingis

**Tillögur að breytingum á frumvarpi til laga um sérstakan saksóknara:**

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Sett skal á stofn embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, tengslum við og kjölfar falls íslensku bankanna 2008 og þess ástands sem þá skapaðist á fjármálamarkaði, hvort sem það tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með útgáfu ákæru og saksókn.

- Við 1. mgr. 2. gr. bætast tveir nýir málslíðir er orðist svo: Nú velst dómari til starfans og skal þá dómsmálaráðherra veita honum leyfi frá störfum á skipunartímanum. Skal hann jafnframt á þeim tíma njóta þeirra lögkjara sem fylgir dómaraembætti hans.
- (Á eftir 2. mgr. 2. gr. kemur ný málsgrein er orðist svo:

Hinn sérstaki saksóknari skal birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir hans við þau, svo og starfsleg tengsl hans, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi hins sérstaka saksóknara. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008. )

1. mgr. 4. gr. orðist svo:

Ríkissaksóknara er heimilt að ákveða, að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. og að fenginni rökstuddri tillögu frá hinum sérstaka saksóknara, að sá sem hefur frumkvæði að því að bjóða eða láta lögreglu eða saksóknara í té upplýsingar eða gögn, sæti ekki ákæru þótt upplýsingarnar eða gögnin leiði líkur að broti hans sjálfs.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/276  
komudagur 29.11. 2008

**From:** Eiríkur Tómasson [mailto:eiriktom@hi.is]

**Sent:** 29. nóvember 2008 15:14

**To:** Elín Valdís Þorsteinsdóttir

**Subject:** Tillögur til breytinga á frv til laga um embætti sérstaks saksóknara

Komdu sæl.

Að beiðni formanns allsherjarnefndar vil ég setja fram eftirgreindar tillögur til breytinga á texta fyrirbyggjandi frumvarps:

- 1) Orðin "útgáfu ákæru og" í 1. og 4. mgr. (þar sem orðin koma fyrir tvisvar sinnum) verði felld brott.
- 2) Niðurlag 2. mgr. 1. gr. orðist svo "þar með talið brota sem kunna að hafa verið rannsökuð af Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu.
- 3) Upphaf 4. mgr. 1. gr. orðist svo: Ríkissaksóknari getur falið hinum sérstaka saksóknara rannsókn . . . (Óþarfi er að vísa til lagaheimilda hér, sbr. breytingartillögunna hér á eftir við 2. gr.)
- 4) 3. mgr. 2. gr. orðist svo: Hinn sérstaki saksóknari hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og ákærvald samkvæmt 1. gr. laga þessara. Skal staða hans vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara samkvæmt 18. gr. laga um meðferð sakamála, þar á meðal hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og héraðssaksóknari og starfsmenn hans samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þeirra laga. Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem hinn sérstaki saksóknari fer með samkvæmt 1. gr. laga þessara tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hinn sérstaki saksóknari fari með málið eða hvort annar ákærandi skuli gera það. Ríkissaksóknari leysir á sama hátt úr öðrum ágreiningi sem kann að rísa um valdsvið hins sérstaka saksóknara og annarra ákæranda. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt.
- 5) 6. gr. orðist svo: Lög þessi falla úr gildi [1. janúar 2010] og hverfa þá verkefni hins sérstaka saksóknara til ákæranda og lögreglu eftir nánari fyrir mælum ríkissaksóknara. (Það er sjálfgefið að það fari eftir gildandi lögum og því óþarft að taka það fram.)
- 6) Tillaga um ákvæði til bráðabirgða: Fram til 1. janúar 2009 hefur hinn sérstaki saksóknari sömu réttarstöðu og lögreglustjóri, þ. á m. hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og lögreglustjórar og starfsmenn hans skv. 2. mgr. 29. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara skv. 5. mgr. 27. gr. þeirra laga eftir því sem við getur átt.

Ef orðalag 1. mgr. 1. gr. verður rýmkað, eins og rætt hefur verið um, er hreinlega spurning hvort ekki megi fella 4. mgr. þeirrar greinar alveg út, þ.e. ef 3. mgr. 2. gr. verður breytt á þann veg sem lagt er til hér að framan.

Með bestu kveðjum,  
Eiríkur Tómasson

Alþingi  
Erindi nr. P 136/278  
komudagur 28.11.2008

**From:** Íris Björk Hreinsdóttir [mailto:irisbh@fme.is]  
**Sent:** 28. nóvember 2008 13:52  
**To:** Birgir Ármannsson; Atli Gíslason  
**Subject:** Fjármálaeftirlitið - v./ fundar 28. nóvember 2008.

14. mail embætti sérstaks saksóknara.

Sælir

Vísa til umræðna á fundi allsherjarnefndar Alþingis, 28. nóvember 2008.

Meðfylgjandi er tilvísun í þau lagaákvæði sem óskað var eftir.

Í þessu samhengi er rétt að minnast á lög um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, nr. 55/2007 (<http://www.althingi.is/altext/133/s/0789.html>).

Frumvarp til laga nr. 55/2007, var lagt fram með hliðsjón af niðurstöðu nefndar forsætisráðherra um viðurlög við efnahagsbrotum - með frumvarpinu er að finna skýrslu nefndarinnar <http://www.althingi.is/altext/133/s/0789.html>). Í athugasemdum með lagafrumvarpinu kemur m.a. fram að á undanförunum árum hefðu komið upp álitæfni og í sumum tilvikum ríkt nokkur óvissa um samskipti og verkaskiptingu lögreglu og ákærvalds annars vegar og eftirlitsstofnana innan stjórnsýslunnar hins vegar við rannsókn og meðferð efnahagsbrota. Var frumvarpinu m.a. ætlað að taka á þeirri óvissu. Að auki var fjallað um að nokkur umræða hefði verið um viðurlög við efnahagsbrotum og hvernig skerpa mætti varnaðaráhrif þeirra. Helstu breytingar sem lagðar voru fram með breyttum lagaákvæðum, um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, voru m.a. að lagt var til að ákveðin brot gegn lögum um fjármálamarkaði sættu aðeins opinberri rannsókn að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins til lögreglu.

Tilvísun til helstu lagaákvæða um FME / lögreglu:

Lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

12. gr.

Lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

112. gr. d.

Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

148. gr.

Lög nr. 110/2007 um kauphallir

39. gr.

Lög nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði

70. gr. d.

Lög um Vátryggingastarfsemi nr. 60/1994

99. gr. f.

Lög nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa  
[34. gr. f.]

Lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, með síðari breytingum  
b. (16. gr. b.)

Kveðja / Best Regards,

---

**Íris Björk Hreinsdóttir**

Lögfræðingur  
Fjármálaeftirlitið / Financial Supervisory Authority, Iceland  
Sími / Tel.: (+354) 525 2700  
<mailto:irisbjork@fme.is>, <http://www.fme.is>

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136/303*  
*komudagur 4.12.2008*

Allsherjarnefnd  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndarritari.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2008.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara. 136. löggjafarþing 2008-2009. Þskj. 156 – 141. mál.**

Laganefnd Lögmannafélags Íslands fékk til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara. A.m.k. sumir nefndarmanna eru þeirrar skoðunar að ekki standi næg rök til þess að setja sértæk lög um „embætti sérstaks saksóknara“. Í núgildandi löggjöf er kveðið á um eftirlitsstofnanir, sem fari með rannsóknar- og ákærvald í opinberum málum. Um þessar stofnanir og valdheimildir þeirra eru ítarleg ákvæði meðal annars í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála sem taka gildi 1. janúar næstkomandi og í lögreglulögum nr. 90/1996. Til viðbótar eru eftirlitsstofnanir á stjórnýslustigi, m.a. Fjármálaeftirlitið og embætti Skattrannsóknarstjóra ríkisins. Sumar þessar stofnanir eru sérhæfðar og samkvæmt núgildandi lögum er það hlutverk þeirra að sinna þeim verkefnum sem sérstökum saksóknara er ætlað að sinna samkvæmt téðu frumvarpi, þó verkefni hans sé fremur óljóst samkvæmt 1. gr. frumvarpsins. Það sé brýnt að þessar eftirlitsstofnanir hafi yfir að ráða mannafla og sérþekkingu til að takast á við verkefni, sem upp koma á hverjum tíma. Við þær sérstöku aðstæður, sem nú ríkja og lýst er í athugasemdum með frumvarpinu, kann að vera ástæða til að styrkja þessar stofnanir með mannafla og sérfræðisþekkingu fremur en að búa til ný embætti og undanskilja þannig verkefni frá þeim stofnunum, sem eru nú starfandi. Lög um sérstakan saksóknara eru til þess fallin að draga úr virðingu og trúverðugleika þessara stofnana.

Hvað snertir efni ofangreinds frumvarps, þá skal sett á stofn embætti sérstaks saksóknara, samkvæmt 1. gr. frumvarpsins til þess að „rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við þá atburði er leiddu til setningar laga um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. nr. 125/2008, og eftir atvikum fylgja rannsókn eftir með útgáfu ákæru og saksókn.“ Hvað þarna fellur undir er óljóst. Með því verða valdmörk einstakra stofnana sem fara með rannsóknar- og ákærvald, einnig óljóst.

Ekki er skýrt af hverju miðað er við að rannsókn afmarkist við gildistöku laga nr. 125/2008. Eftir að lögin voru sett voru fjármálafyrirtæki yfirtekin af Fjármálaeftirlitinu og á þessari stundu verður ekki útilokað lögunum nr. 125/2008 kunni að verða beitt síðar gegn fjármálafyrirtækjum.

Ákvæði 4. gr. frumvarpsins felur í sér meiriháttar frávik frá ákvæðum laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Hinn 1. janúar 2009 taka gildi ný lög, nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Þar er ekki heldur að finna sambærilegt ákvæði og hér er til skoðunar. Undirbúningur að setningu laganna um meðferð sakamála var mjög ítarlegur og að samningu þeirra komu margir af okkar færustu sérfræðingum á sviði réttarfars. Ákvæðið mun ekki heldur eiga sér fyrirmynd í rétti annarra Norðurlandþjóða og í athugasemdum með frumvarpinu eru ekki færð nein gild rök fyrir því að víkja frá almennum reglum að þessu leyti. Með ákvæðinu eru sérstökum saksóknara og ríkissaksóknara veittar mjög rúmar heimildir til að ákveða, á grund-

velli matskenndra sjónarmiða og túlkunar þeirra á reglunum, hvort starfsmaður/stjórnarmaður í félagi skuli ákærður eða ekki. Ekki þarf að hafa mörg orð um að matskenndar reglur um svo mikilsverð atriði eru óæskilegar. Ákvæðið vekur áleitnar spurningar um réttarstöðu starfsmanns/stjórnarmanns í félagi við meðferð mála á rannsóknarstigi, á ákærustigi og við meðferð dómsmáls kæmi til þess. Meðal þýðingarmestu reglna um vernd einstaklings, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, er þagnarrétturinn. Um hann er ákvæði í lögum um meðferð opinberra mála og í mannréttindasáttmálum. Með 4. gr. er starfsmaður/stjórnarmaður í félagi hvattur til, með hugsanlegri umbun, að nýta sér ekki þagnarrétt sinn. Ákvæðið vekur upp fjölmargar aðrar spurningar um túlkun, framkvæmd og eftirlit með framkvæmdinni. Laganefnd telur að ákvæði eins og í 4. gr. frumvarpsins þarfnist mun vandaðari skoðunar heldur en frumvarpið ber með sér að fram hafi farið og leggst gegn því að ákvæðið verði lögfest að svo stöddu.

Ástæða er til að benda á að ofangreint frumvarp tengist að nokkru frumvarpi til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, sem nýlega hefur verið dreift á Alþingi. Töluverð skörun virðist vera á verkefnum þeirrar rannsóknarnefndar sem síðara frumvarpið fjallar um og verkefnum hins sérstaka saksóknara.

Þessi frumvörp, og þá ekki síður síðara frumvarpið, snerta mörg mikilsverð réttindi manna, s.s. friðhelgi einkalífs, málsmeðferð opinberra mála o.fl., sem eru sérstaklega vernduð í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Samkvæmt framansögðu telur laganeftnd afar brýnt að réttarframsöfnun verði falið að taka frumvörpin til ítarlegrar skoðunar og veita umsögn um þau áður en að frumvörpin verði samþykkt á Alþingi.

Virðingarfyllst,

**f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands**

---

**Eva Bryndís Helgadóttir, hrl., formaður.**

komudagur 28.11.2008

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd  
vt. Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. nóvember 2008 02-2008111024  
T-ums 32/08


**Umsögn um frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara - 141. mál, þskj. 156.**

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sett verði á stofn embætti sérstaks saksóknara til að annast rannsókn á því hvort einhverjir hafi orðið sekir um refsiverða háttsemi í aðdraganda og í tengslum við hinar sérstöku aðstæður á íslenskum fjármálamarkaði. Þá kemur fram að markmiðið með frumvarpinu sé að vinna að því að efla traust almennings á fjármálakerfinu.

Ríkisskattstjóri bendir á að í frumvarpinu er ekki fjallað um hvernig skuli fara með, þegar sérstakur saksóknari kemst að því að skattalagabrot hafi verið framin. Tryggja þarf að fram geti farið endurákvörðun opinberra gjalda en eins og ákvæðum er nú háttáð kemur þetta ekki skýrlega fram. Leggur ríkisskattstjóri því til að allsherjarnefnd taki afdráttarlaust fram í nefndaráliti eða með breytingu á 5. gr. frumvarpsins þannig að skýrt komi fram að ef sérstakur saksóknari kemst að því að opinber gjöld kunni að vera vantalin, þá sé tryggt að málið fari til skattyfirvalda svo að endurákvörðun geti fari fram.

Að öðru leyti telur ríkisskattstjóri ekki ástæðu til að gera athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Skúli Eggert Þórðarson

Alþingi  
Erindi nr. P 136/272  
komudagur 28.11.2008



Nefndasvið Alþingis  
Allsherjarnefnd  
b/t Elín Valdís Posteinsdóttir  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. nóvember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um embætti sérstaks saksóknara (141. mál).

*Víðskiptaráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem kveður á um stofnun nýs embættis sérstaks saksóknara.*

Víðtæk samstaða virðist vera í þjóðfélaginu um að leggja eigi í rannsókn á orsökum á hruni bankanna og þeim atvikum sem fylgdu í kjölfar þess. Frumvarp þetta er eitt svara löggjafans við því ákalli og er það sett fram undir þeim formerkjum að óvenjulegar aðstæður kalli á beitingu óvenjulegra úrræða. Af athugasemdum frumvarpsins að dæma þá er eitt markmiða þess að „að sefa reiði, efla réttlætiskennd og auka trú borgaranna á réttarríkið“.

Það er einmitt á tímum óvissu og reiði sem þörf er á því að grunnstoðir réttarríkisins standi sem traustastar. Það telst til grundvallarreglna réttarríkisins að löggjafinn veiti ekki við óvenjulegar aðstæður afslátt af þeim meginreglum sem samfélagið byggir á. Sjónarmið og hugmyndir sem búa að baki réttarríkinu þurfa því alltaf að vera í heiðri höfð, hvernig sem viðrar í þjóðfélaginu. Hvað það varðar skiptir einna helst að réttaröryggi borgaranna, alveg óháð starfi þeirra eða stöðu, sé ekki stefnt í voða. Vegna þessa á það ekki að vera hlutverk yfirvalda að draga einstaklinga til ábyrgðar „ef minnsti grunur leikur á því að framin hafi verið lögbrot“, líkt og kemur fram í athugasemdum frumvarpsins. Einstaklingar eiga ekki að vera dregnir til ábyrgðar nema rökstuddur grunur leikur á því að lögbrot hafi verið framin og málatilbúnaður yfirvalda byggja að öðru leyti á sterkum grundvelli.

Það er ekki einvörðungu að frumvarpið feli í sér frávik frá grundvallarreglum réttarríkisins, m.a. með því að víkja frá vandaðri lagaumgjörð um meðferð sakamála þar sem grundvallarreglan á ávallt að vera sú að hver maður skal talinn saklaus þar til sekt hans er sönnuð. Talsverðar líkur eru jafnframt á því að efnisreglur þess muni draga úr trausti umheimsins í garð íslensks fjármálakerfis, en efling þessa trausts er einmitt einn tilgangur frumvarpsins ef marka má athugasemdir þess. Helgast þetta af því að afnám þagnarskylduákvæðis laga um fjármálafyrirtæki gengur að öllum líkindum gegn alþjóðlegum skuldbindingum okkar sem eru tilkomnar með EES aðildinni. Ekki er að finna í frumvarpinu mat á þessu, sem er bagalegt, en ljóst er að frávik frá alþjóðlegum skuldbindingum kalla á viðbrögð.

Tiltrú alþjóðasamfélagsins er ekki einungis fallvölt í þessu samhengi heldur einnig þeirra sem hafa ákveðið að reka hér fyrirtæki eða lagt fjármuni sína með öðrum hætti í íslenskt víðskiptalíf. Hætt er við því að aðilar sem þessir muni færa bæði áhuga sinn og fjármagn endanlega um set, til ríkja þar sem hægt er að treysta því að hið opinbera hafi sett sér ófrávikjanlegar reglur um meðferð persónuupplýsinga og vernd einkalífs. Afnám þagnarskylduákvæðis laga um fjármálafyrirtæki og aðrar hlíðranir á grundvallarreglum þessa lands eru því ekki einvörðungu til þess fallnar að draga úr trúverðugleika stjórnvalda og fjármálakerfisins heldur ganga þær beinlínis gegn hagsmunum þjóðarinnar.



Viðskiptaráð gerir athugasemdir við 4. gr. frumvarpsins þar sem ríkissaksóknara er gert heimilt að falla frá saksókn ef starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis hefur frumkvæði að því að veita ákveðnar upplýsingar, þó þær upplýsingar ættu að falla undir áður nefnt þagnarskylduákvæði. Afar vandasamt er að undanþiggja tiltekna einstaklinga frá hugsanlegum viðurlögum á grundvelli aðstoðar og velta má fyrir sér hvort um brot á jafnræði sé að ræða. Í besta falli er ljóst að ákvæðið verður afskaplega vandmeðfarið í framkvæmd og mikilvægt að ströng skilyrði ákvæðisins veiti ekkert svigrúm til frávik. Að mati Viðskiptaráðs er mikilvægt að fara ekki á svig við almennar sönnunarreglur og um það hverjir eigi að bera refsíabýrgð. Vegna þess væri eðlilegra að kveða á um heimildir í lögum til handa dómstóla að taka ákvarðanir um eins konar sakaruppgjöf sem saksóknara er falið í frumvarpi þessu. Hvað þetta varðar mætti t.a.m. breyta refsileysisástandum almennra hegningarlaga.


Til viðbótar við framangreint gerir Viðskiptaráð athugasemd við það að stofna eigi enn eitt embættið með tilheyrandi opinberum útgjöldum (á tímum óðaverðbólgu) og auknu ógagnsæi í uppbyggingu ákærvaldsins. Rannsóknar- og ákæruheimildir þessa embættis taka m.a. til efnahags-, auðgunar- og skattabrot, þ.m.t. brota sem rannsökuð eru af FME en það er einmitt hlutverk þeirrar stofnunar að rannsaka brot á lögum á sviði fjármálamarkaðar. Ef brotin eru alvarleg og varðar refsingu kærir FME það til lögreglu til opinberrar rannsóknar. Starfsmenn FME búa yfir viðamikilli þekkingu á regluverki fjármálamarkaða og hafa að auki heimildir til að leita aðstoðar annarra sérfræðinga. Fjárframlög til FME hafa verið margfölduð undanfarin ár. Því er hvorki menntun, reynsla né fjármagn því til fyrirstöðu að FME haldi áfram að sinna þessum skyldum sínum.

Að lokum er rétt að brýna fyrir því að margskonar aðilar á vegum framkvæmdavaldsins og/eða löggjafans séu ekki að vinna sama verk. Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða (þingmál 180). Í því frumvarpi er lagt til að stofnuð verði sérstök rannsóknarnefnd og verða henni veittar fordæmislausar heimildir til rannsóknar og valdbeitingar. Rannsóknarnefnd þessi mun því, á sama tíma og sérstakur saksóknari, leitast við að afla upplýsinga um meint brot til að unnt sé að draga einstaklinga til ábyrgðar. Er þetta með öllu óskiljanlegt.

Af ofangreindu er ljóst að frumvarp þetta er, af mörgum ástæðum, almennt óæskilegt. Frumvarpið felur beinlínis í sér frávik frá grundvallarreglum réttarríkisins, það mun að öllum líkindum draga úr trausti umheimsins í garð íslensks fjármálakerfis, það hvetur innlenda og erlenda aðila til að láta íslenskt atvinnulíf afskiptalaus og gengur þannig gegn hagsmunum þjóðarinnar, það leiðir til aukins opinbers kostnaðar á verðbólgutímum og það flækir verkaskiptingu milli ýmissa stofnanna ákærvaldsins.

**Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllt



Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs